



Almennir skilmálar

1. Gildissvið

- 1.1. Undir viðskiptaskilmála þessa falla öll viðskipti og samningar Hampiðjunnar við viðskiptamann um kaup á vöru og þjónustu, þar á meðal tilboð, nema um annað sé samið með skriflegum hætti. Sérstakir viðskiptaskilmálar á tilteknum sviðum geta einnig átt við um viðskipti og þjónustu Hampiðjunnar.
- 1.2. Umsaminn afsláttur á ekki við í þeim tilvikum sem viðskiptamaður hefur fengið sérstakt tilboð í vöru eða þjónustu.
- 1.3. Um kaup einstaklinga utan atvinnurekstrar á hvers kyns vöru og/eða þjónustu gilda lög um neytendakaup nr. 48/2003, lög nr. 16/2016 um neytendasamninga, lög um þjónustukaup nr. 42/2000 og lög nr. 30/2002 um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, ef ákvæði þeirra laga eru slíkum aðilum hagstæðari en þessir viðskiptaskilmálar kveða á um.
- 1.4. Kaup á hvers kyns vöru eru almennt háð lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, þar sem ákvæðum þessara skilmála, heildarsamningi eða viðskiptavenju milli aðila sleppir.
- 1.5. Vinnsla persónuupplýsinga er í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, eins og nánar er tilgreint í persónuverndarstefnu Hampiðjunnar og aðgengileg er á heimasíðu félagsins, www.hampidjan.is.
- 1.6. Hampiðjan áskilur sér einhliða rétt til að breyta viðskiptaskilmálum þessum eftir því sem efni standa til.
- 1.7. Viðskiptaskilmálar þessir taka gildi 17.12.2020.

2. Gjaldtaka og greiðslufyrirkomulag

- 2.1. Um endurgjald fyrir vöru og/eða þjónustu skal fara eftir gildandi gjaldskrá fyrir hverja vöru og/eða þjónustu Hampiðjunnar á hverjum tíma, nema um annað sé samið sérstaklega. Uppgefin verð eru án virðisaukaskatts nema annað sé skýrlega tekið fram. Vörur og/eða þjónustu skal almennt staðgreiða. Annar greiðslumáti en skv. greiðsluseðlum eða reikningi telst ófullnægjandi.
- 2.2. Hafi verið samið um annan greiðslumáta en staðgreiðslu skal Hampiðjan senda út reikning fyrir selda vöru og/eða þjónustu. Gjaldþagi reiknings sem og eindagi hans koma fram á útgefnum reikningi og vísast til þess um ákvörðun þeirra. Reiknast dráttarvextir á reikninga sem greiddir eru eftir eindaga í samræmi við lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Við vanskil reikninga reiknast dráttarvextir frá eindaga til greiðsludags.
- 2.3. Athugasemdir vegna útgefna reikninga skulu berast Hampiðjunni innan [30] daga frá útgáfudegi reiknings. Verði ágreiningur um fjárhæð reiknings er viðskiptamanni einungis heimilt að bíða með greiðslu á þeirri fjárhæð sem raunverulegur ágreiningur er um.



3. Skyldur og ábyrgð viðskiptamanns

- 3.1. Áhætta vegna vöru flyst frá Hampiðjunni til viðskiptavinar við afhendingu. Vara telst afhent um leið og viðskiptamaður hefur veitt henni viðtöku og ber viðskiptamaður áhættu af vörunni frá og með því tímamarki. Veiti viðskiptavinur vörunni ekki viðtöku eða vitjar hennar ekki vegna atvika er hann varða, flyst áhætta vegna vörunnar yfir á viðskiptavin um leið og móttaka var möguleg eða í síðasta lagi þremur dögum eftir að honum var tilkynnt um að vara væri tilbúin til afhendingar.
- 3.2. Skoðunarskylda hvílir á viðskiptamanni við móttöku á vöru og skal viðskiptamaður senda Hampiðjunni kvörtun innan 8 daga frá móttöku vöru ef hann telur vöru og/eða þjónustu ekki í samræmi við samning aðila. Krafa viðskiptamanns þess efnis skal send Hampiðjunni sannanlega og án tafa frá því að viðskiptamaður varð umkvörtunarefnisins var eða mátti verða þess var. Sinni viðskiptamaður ekki þessari skyldu sinni getur viðskiptamaður ekki síðar komið fram með slíka kröfu.
- 3.3. Viðskiptavinur skuldbindur sig að fara eftir leiðbeiningum framleiðanda um rétta meðferð og viðhald vöru og viðhafa eftirlit með henni.
- 3.4. Viðskiptavinur ber ábyrgð á leiðbeiningum og fyrirskipunum sem hann og/eða eftir atvikum starfsmenn hans gefa Hampiðjunni. Þá ber viðskiptavinur ábyrgð á réttmæti upplýsinga sem hann og/eða eftir atvikum starfsmenn hans veita Hampiðjunni.

4. Skyldur og ábyrgð Hampiðjunnar

- 4.1. Hampiðjan ber ábyrgð á að þjónusta og/eða vara sé í samræmi við samning aðila, með þeim takmörkunum sem á eftir koma. Ábyrgð er þó almennt háð því að notkun hvers kyns vöru sé í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda og/eða Hampiðjunnar eftir atvikum. Sé þjónusta og/eða vara ekki í samræmi við samning aðila getur Hampiðjan bætt úr með nýrri afhendingu eða með viðgerð á afhentri vöru innan hæfilegs tíma.
- 4.2. Með nýrri afhendingu telst Hampiðjan hafa að fullu gert upp við viðskiptamann vegna gallaðrar vöru. Hampiðjan hefur þó ávallt rétt til að reyna viðgerð á vöru. Viðskiptamaður ber þá ábyrgð og kostnað af því að afhenda Hampiðjunni vöruna og telst hún ekki réttilega afhent fyrr en við móttöku Hampiðjunnar á vörunni við þá starfsstöð Hampiðjunnar sem tiltekin var á upprunalegum sölureikningi vegna umræddrar vöru.
- 4.3. Komi í ljós að vara og/eða þjónusta telst ekki í samræmi við samning aðila af ástæðum sem ekki er hægt að rekja til Hampiðjunnar, svo sem vegna rangrar umönnunar, samsetningar, notkunar eða breytinga sem ekki eru gerðar í samræmi við leiðbeiningar eða lýsingu vöru, er Hampiðjunni heimilt að innheimta þann kostnað sem hlaust af viðgerð, þó viðgerð skili ekki tilætluðum árangri.

5. Netviðskipti

- 5.1. Rafrænn fjarsölusamningur er jafngildur skriflegum samningi.
- 5.2. Ef um kaup einstaklinga utan atvinnurekstrar er að ræða, hefur neytandi þó rétt til að falla frá kaupunum, án kostnaðar, í allt að fjórtán daga frá móttöku vörunnar að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum: i) vörunni



sé skilað til Hampiðjunnar; ii) innsigli á vöru má ekki vera rofið; iii) varan sé óskemmd og í upprunalegum umbúðum; og iv) að ekki sé um sérpöntun eða sérsniðna vöru að ræða.

5.3. Við vörusölu vegna netviðskipta ber viðskiptavinur ábyrgð á sendingarkostnaði.

5.4. Við vöruskil er allur sendingarkostnaður á ábyrgð kaupanda. Þegar sendingarkostnaður er innifalinn í verði vöru á reikningi dregst sendingarkostnaður frá við endurgreiðslu. Ef vara er endursend til Hampiðjunnar skal viðskiptavinur nota upprunalegar umbúðir eða aðrar fullnægjandi umbúðir til að tryggja að varan skemmist ekki í flutningum. Einnig skal viðskiptavinur tryggja vöruna gegn flutningsskemmdum ef unnt er. Viðskiptavinur ber ábyrgð á vörunni frá því hún er send og þar til Hampiðjan hefur mótttekið hana.

6. Almennar ábyrgðartakmarkanir

6.1. Í viðskiptum Hampiðjunnar við aðila í atvinnurekstri er ábyrgðartími gallaðrar vöru og/eða þjónustu 90 dagar, sbr. þó ákvæði [3.2.] um skoðunar- og tilkynningaskyldu. Sé um neytendakaup að ræða, þ.e. kaup aðila utan atvinnurekstrar, er ábyrgðartíminn á seldri vöru 2 ár í samræmi við lög nr. 48/2003 um neytendakaup. Ef ábyrgðartími er annar en að framan greinir skal þess sérstaklega getið í heildarsamningi eða á sölureikningi.

6.2. Við mat á því hvort söluhlutur er gallaður skal miðað við það tímamark þegar áhættan af söluhlut flyst yfir til viðskiptamanns, jafnvel þótt gallinn komi ekki fram fyrr en síðar. Ef annað sannast ekki skal galli, sem upp kemur innan 90 daga frá því tímamarki, talinn hafa verið til staðar við afhendingu. Þetta gildir þó ekki þegar telja verður að það geti ekki á nokkurn hátt samrýmst eðli gallans eða vörunnar.

6.3. Ábyrgð Hampiðjunnar gagnvart viðskiptavini á öllu tjóni, tapi eða kröfum, hvort sem stafar af eða frá brotum á samningi aðila, galla á vöru eða af öðrum ástæðum takmarkast við verðmæti hins selda sem fyrrnefnd krafa snýr að og geta bætur vegna galla aldrei orðið hærri en kaupverð vörunnar sem um ræðir í hverju tilviki.

6.4. Ábyrgð Hampiðjunnar er í öllu falli háð því að viðskiptavinur hafi að öðru leyti efnt skyldur sínar, gætt varúðarskyldu og hagað afgreiðslu viðskiptanna að öllu leyti í samræmi við fyrirmæli laga, reglugerða og eftir atvikum samkvæmt reglum eða skilmálum framleiðanda eða annars þar til bærs þriðja aðila.

6.5. Hampiðjan ber einungis ábyrgð á beinu tjóni viðskiptavinar á hinu selda.

6.6. Hampiðjan ber í engu tilviki ábyrgð á tjóni sem stafar af vörum og/eða þjónustu, rekstrartapi viðskiptavinar og/eða þriðja aðila, né heldur annarskonar tjóni, hvort heldur er öðru beinu tjóni, óbeinu eða afleiddu tjóni slíkra aðila hvaða nöfnum sem það kann að nefnast, þ.m.t. glötuðum ágóða, ráðgerðum sparnaði, rekstrartjóni, tapi á áætluðum sparnaði, skerðingu á viðskiptavild, refsikenndum skaðabótum, hvort sem tjónið er rakið til galla, skemmda eða eyðileggingar á hinu keypta eða til annarra ástæðna. Hampiðjan ber ekki ábyrgð á tjóni sem viðskiptavinur eða þriðji aðili sem ekki er á vegum Hampiðjunnar veldur.

6.7. Viðskiptavinur á engar kröfur á hendur Hampiðjunnar vegna eiginleika eða skorts á eiginleikum hins keypta enda hafði hann möguleika á því að kynna sér eiginleika og takmarkanir hins keypta með lestri



leiðbeininga eða lýsinga sem fylgja hinu keypta eða eru almennt aðgengilegar, t.d. hjá framleiðanda hins keypta. Hampiðjan ábyrgist ekki tiltekinn árangur af notkun vöru og/eða þjónustu.

6.8. Eðlilegt slit á vörum bætist ekki, enda ending þeirra í samræmi við það sem búast má við.

6.9. Að öðru leyti en fram kemur í þessum skilmálum undanskilur Hampiðjan sig ábyrgð á öllu tjóni sem verður á persónum, fasteignum, skipum og lausafé og kann að stafa af búnaði eða þjónustu sem Hampiðjan hefur selt, útvegað eða veitt. Ef takmörkun á tjóni skv. skilmálum þessum er talin ganga lengra en lög heimila skulu skilmálar þessir gilda að því marki sem lög leyfa.

7. Skaðleysi

7.1. Viðskiptavinir skuldbinda sig til að fara að landslögum og opinberum stjórnvaldsákvörðun. Þá skuldbinda viðskiptavinir sig til að virða réttindi þriðja aðila og brjóta ekki gegn slíkum réttindum, hvort sem um er að ræða höfundarrétt, eignarrétt, nýtingarrétt eða hvers kyns annars konar réttindi. Komi til brota samkvæmt framansögðu eða önnur háttsemi/athafnaleysi sem veldur Hampiðjunni með einhverjum hætti tjóni, skuldbinda viðskiptavinir sig til þess að halda Hampiðjunni að fullu skaðlausu gegn slíku tjóni.

8. Óviðráðanleg atvik – Force Majeure

8.1. Hampiðjan ber ekki ábyrgð á tjóni eða tapi sem viðskiptavinur kann að verða fyrir og orsakast af óviðráðanlegum eða ófyrirséðum atvikum sem ekki eru til staðar við samningsgerð, svo sem vinnudeildum, styrjöldum, uppreisnum, náttúruhamförum, aðgerðum stjórnvalda á sviði gjaldeyris- og viðskiptamála, viðskiptabönnum, hafnbönnum, almennum samgönguhindrunum, orkuskorti og sambærilegum óviðráðanlegum atvikum.

9. Trúnaður – Hugverkréttur

9.1. Hin selda vara og/eða þjónusta er lögvernduð af einu eða fleiri einkaleyfum og/eða einkaleyfisumsóknum. Í þeim tilvikum þar sem Hampiðjan selur eigin vöru og/eða þjónustu þá er Hampiðjan eigandi og einkaréttarhafi að höfundarrétti og hvers kyns öðrum réttindum á sviði hugverka og auðkennaréttar, hvort sem um er að ræða vörumerkjarétt, hönnunarrétt, einkaleyfisrétt, eignarrétt að atvinnuleyndarmálum, sérþekkingu (e. know-how) eða önnur réttindi, hvaða nafni sem þau kunna að nefnast. Allar upplýsingar, svo sem teikningar og/eða munnlegar og skriflegar upplýsingar sem viðskiptavinur fær frá Hampiðjunni og lúta að hinu selda, virkni þess, tækni sem beitt er við framleiðslu þess ásamt hönnun og lögum er trúnaðarmál milli viðskiptavinar og Hampiðjunnar og lofar viðskiptavinur að halda þann trúnað á samningstíma og helst trúnaðarskylda eftir að samningi er lokið. Samningur felur ekki í sér framsal slíkra réttinda að öðru leyti en því sem beinlínis er tekið fram í samningi. Brot viðskiptavinar gegn réttindum Hampiðjunnar skv. þessu ákvæði, varðar dagsektum að fjárhæð kr. 350.000 fyrir hvern þann dag sem brot varir. Heimild Hampiðjunnar til að krefjast dagsekta



takmarkar ekki með neinum hætti önnur réttindi sem félagið kann að njóta eða úrræða sem það getur gripið til.

10. Vanefndir og vanefndaúrræði

- 10.1. Til vanefnda af hálfu viðskiptavinar teljast hvers kyns brot á skilmálum þessum og samningum á milli Hampiðjunnar og viðskiptavinar, þar með talið hvers kyns greiðsludráttur. Hampiðjan áskilur sér rétt til að hætta að veita og eftir atvikum loka þjónustu, sem og að afhenda vörur.
- 10.2. Við greiðsludrátt áskilur Hampiðjan sér rétt til að reikna dráttarvexti á útistandandi fjárhæð frá eindaga til greiðsludags í samræmi við lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.
- 10.3. Ef um verulega vanefnd af hálfu viðskiptavinar er að ræða áskilur Hampiðjan sér rétt til að grípa til eftirfarandi ráðstafana án sérstakrar viðvörunar (saman eða sitt í hvoru lagi), (i) einhliða riftunar samnings, (ii) taka vörur og búnað í sína vörslu, (iii) innheimta allar gjaldfallnar og ógjaldfallnar greiðslur, eða (iv) beita öðrum vanefndaúrræðum eftir því sem við á.

11. Gjaldþrot

- 11.1. Samningur fellur sjálfkrafa úr gildi við gjaldþrot viðskiptavinar. Verði viðskiptavini veitt heimild til greiðslustöðvunar eða til nauðasamningsumleitana við lánardrottna sína er uppsagnarfrestur samnings þessa [einn mánuður] þar til fjárhagslegri endurskipulagningu viðkomandi aðila er formlega lokið. Verði viðskiptavini veitt heimild til greiðslustöðvunar eða til nauðasamningsumleitana við lánardrottna sína getur Hampiðjan krafist þess að sett verði trygging fyrir efndum samnings á því tímabili sem fjárhagsleg endurskipulagning viðskiptavinar stendur yfir.

12. Framsal réttinda

- 12.1. Viðskiptavinur getur ekki framselt réttindi sín samkvæmt samningi án skriflegs samþykkis Hampiðjunnar.

13. Misræmi í skilmálum

- 13.1. Ákvæði sértækra viðskiptaskilmála, samninga, samningsviðauka og samþykkttra tilboða skulu ganga frammar almennu viðskiptaskilmálum þessum.

14. Lög og varnarþing

- 14.1. Íslensk lög skulu gilda um viðskiptaskilmála þessa, grunnsamninga, samningsviðauka og eftir atvikum tilboð sem Hampiðjan gerir við viðskiptavini sína. Ágreining um framkvæmd samninga skulu aðilar leitast við að leysa með samkomulagi. Ef ekki næst samkomulag skulu ágreiningsmál rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.